

Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar
Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi
Linnetsstíg 3
220 Hafnarfjörður

Kópavogi, 4. desember 2019
Tilvísun: 2019-6194

Efni: Val á leikskólum til mats árið 2020

Vísað er til umsóknar ykkar um ytra mat á leikskólum. Alls bárust 24 umsóknir um ytra mat á leikskólum frá 16 sveitarfélögum. Valdir eru fjórir leikskólar til mats árið 2020.

Við val á leikskólum til ytra mats var einkum litið til eftirfarandi atriða:

1. Í fyrsta lagi til þess hvaða sveitarfélög hafa fengið leikskóla metna og hver ekki á síðustu árum.
2. Í öðru lagi til stærðar sveitarfélaga og fjölda leikskóla á þeirra vegum.

Menntamálastofnun þakkar sýndan áhuga á þátttöku og hefur ákveðið að fram fari ytra mat á starfsemi leikskólans Tjarnarási árið 2020. Ekki reyndist unnt að verða við umsókn ykkar um ytra mat á leikskólanum Hlíðarenda að þessu sinni.

Markmið ytra mats er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá.

Tímasetning matsins og matsaðilar verða tilkynntir síðar og munu þeir hafa samband vegna gagnaöflunar, fyrirkomulags og framkvæmdar verksins. Menntamálastofnun veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Björk Ólafsdóttir, sérfræðingur ytra mats